

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 28. febrúar 2019

1810042SA AGB

Málalykill: 14.11

Efni: Íbúasamráðsverkefni

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti í lok síðasta árs að verða við umleitun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar um 5 millj.kr. styrk til að fara í íbúasamráðsverkefni með þátttöku nokkurra sveitarfélaga. Verkefnið snýst um að aðstoða þáttökusveitarfélögin við að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Sveitarfélögin munu fá stuðning til að undirbúa og framkvæma samráð í raunverulegum aðstæðum innan síns sveitarfélags. Hugmyndin er sú að byggja þannig upp þekkingu og afla reynslu sem nýst getur öðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

Öll sveitarfélög hafa tækifæri til að sækja um þátttöku verkefninu. Samráðshópur verkefnisins mun sjá um að velja þáttökusveitarfélög á grundvelli umsókna þeirra. Leitast verður við að velja sveitarfélög með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsefni. Gert er ráð fyrir að velja þrjú sveitarfélög til þátttöku til viðbótar við Akureyrarkaupstað, sem átti frumkvæði að verkefninu.

Umsókn þarf að styðjast við samþykkt sveitarstjórnar og fela í sér skuldbindingu um að sveitarfélagið sé tilbúið til að verja fjármagni og mannafla í verkefnið. Áskilið er að þáttökusveitarfélögin tilnefni tvo fulltrúa, annars vegar kjörinn fulltrúa og hins vegar starfsmann til að taka þátt í þremur sameiginlegum fundum og vinnustofum á tímabilinu ágúst 2019 til febrúar 2020. Gert er ráð fyrir að þeir leiði samráðsferlið innan síns sveitarfélags og stýri vinnuhópi, sem sveitarfélögin þurfa að setja á laggirnar til að sjá um undirbúning innan sveitarfélagsins, framkvæmd samráðs og eftirfylgni. Loks er áskilið að sveitarfélögin séu tilbúin til að miðla reynslunni af verkefninu til annarra sveitarfélaga.


Styrkur jöfnunarsjóðs verður fyrst og fremst notaður til að standa straum af kostnaði vegna ráðgjafa sem munu aðstoða þáttökusveitarfélögin og sameiginlegum fræðslufundum og vinnustofum. Hugsanlega verður unnt að greiða eftir á einhvern hluta af ferðakostnaði sveitarfélaganna vegna þátttöku í þremur sameiginlegum fundum. Annan kostnað þurfa sveitarfélögin að bera sjálf, en hann felst fyrst og fremst í vinnu starfsmanna og kjörinna fulltrúa og í framkvæmd samráðsviðburðar í sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi verkefnislýsingu og einnig er sveitarfélög hvött til að kynna sér vel handbók sambandsins¹ til að gera sér betur grein fyrir eðli verkefnisins og þeirri vinnu sem myndi fylgja þátttöku. **Kynningarfundur fyrir áhugasöm sveitarfélög verður haldinn 13. mars nk. kl. 11 í húsakynnum sambandsins að Borgartúni 30. Unnt verður að taka þátt í fundinum í gegnum netið. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til anna@samband.is ekki seinna en 11 mars nk.**

Umsóknareyðublað fylgir. Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

¹ <https://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/handbok-um-ibuasamrad-og-thatttoku-ibua/>